

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 23. maí 2014 í máli nr. S-12/2014:

Ákærvaldið

(Marín Ólafsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Donald Anderson og

(Árni Helgason hdl.)

Sönke Holz

(Arnar Kormákur Friðriksson, hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 12. maí sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru 14. janúar 2014 á hendur Donald Anderson, Bretlandi og Sönke Holz, Grettisgötu 83, Reykjavík, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 19. ágúst 2012, á Laugavegi við Klapparstíg í Reykjavík, í félagi veist að X slegið hann hnefahögg svo hann féll í götuna og síðan sparkað ítrekað í höfuð hans og líkama þar sem hann lá. Afleiðingar árárarinnar urðu þær að X missti meðvitund, hlaut heilahristing, hruflsár á enni, nefi, kinnbeinum og fyrir neðan nef, bólgur yfir báðum augum, eymsli yfir nefrót og sár við nefrót, hrufláverka á höndum og baki og tognun á háls hrygg og brjósthrygg.

Er talið að þetta varði við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu neita báðir sök. Af hálfu verjenda er krafist sýknu og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Til vara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa.

Af hálfu brotþola er gerð sú krafa að ákærðu verði dæmdir til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 19. ágúst 2012, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim tíma er mánuður er liðinn frá því krafan var birt ákærðu til greiðsludags. Loks er krafist greiðslu málskostnaðar.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá sunnudeginum 19. ágúst 2012 barst lögreglu, þá nótt kl. 02.10, tilkynning um að aðili væri meðvitundarlaus eftir slagsmál við gatnamót Laugavegar og Klapparstígs í Reykjavík. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var verið að færa brotþola í sjúkrahúsið er lögreglu bar að garði. Fram kemur að rætt hafi verið við vitni á vettvangi. Hafi þau m.a. gefið þá lýsingu á árársaðilum að þeir hafi talað með breskum hreim. Hafi þeir hlaupið niður Hverfisgötu þar sem vitni hafi misst sjónar af þeim. Í skýrslunni kemur fram að gönguhópur lögreglu í miðbæ hafi handtekið ákærða, Donald, en lýsing á árársaðila hafi komið heim og saman við hann. Hafi ákærði ekkert kannast við málið. Hafi hann verið færður á lögreglustöð.

Yfirlæknir á slysa- og bráðadeild Landspítala hefur 2. febrúar 2013 ritað læknisvottorð vegna komu brotþola á slysadeild 19. ágúst 2012. Í vottorðinu kemur m.a. fram að brotþoli hafi komið á deildina kl. 02.34. Hafi hann lýst því að hann myndi ekki eftir því hvað hafi komið fyrir en myndi óljóst eftir að hafa verið sleginn í andlitið. Við skoðun hafi brotþoli verið með áberandi hruflsár á höfði yfir enni og nefi. Bólgur hafi verið við hársvörð yfir hægra auga og einnig fyrir ofan vinstra auga á stærra svæði og eymsli þar. Hafi hann verið aumur yfir nefrót og með sár þar. Nef hafi verið beint og ekki merki um blóðnasir. Hann hafi verið aumur og bólgin yfir hægri augabrun. Væg eymsli hafi verið í vinstri kjálka við að opna munn. Hann hafi verið með hrufláverka á höndum og baki, auk þess að vera aumur við þreifingu á vöðvafestum frá hnakka og niður á lendahrygg. Hafi hann verið greindur með heilahristing.

Brotþoli mætti á lögreglustöð 21. ágúst 2012 og lagði fram kæru á hendur ákærðu fyrir líkamsárás.

Við aðalmeðferð málsins gáfu ákærðu og brotþoli skýrslu. Jafnframt gáfu skýrslu þrjú vitni á vettvangi, vinkona ákærða, Donald, lögreglumaður er ritaði frumskýrslu lögreglu, rannsóknarlögreglumaður og læknir af slysadeild er ritað hefur læknisvottorð vegna brotþola. Ekki er ástæða til að rekja framburði fyrir dómi frekar en hér fer á eftir.

Ákærði, Donald, kvaðst hafa verið á ferð upp Laugaveg ásamt meðákærða. Hafi hann verið að ræða í síma við vinkonu sína á mótum Klapparstígs og Laugavegar er hann hafi veitt því athygli að einhver hafi kýlt meðákærða í andlitið. Hafi meðákærði verið um þrem metrum á undan ákærða. Margt fólk hafi verið á svæðinu. Hafi ákærði veitt brotþola athygli þar sem brotþoli hafi staðið fyrir aftan meðákærða. Líkamstjáning brotþola hafi verið ógnandi. Af þeim ástæðum hafi ákærði gengið að brotþola og ýtt honum með báðum höndum frá meðákærða. Í framhaldi hafi ákærði snúið sér að meðákærða, en í því hafi ákærði verið kýldur vinstra megin í andlitið. Það næsta er ákærði hafi séð hafi verið að brotþoli hafi staðið fyrir framan ákærða og slegið í átt að honum. Meðákærði hafi reynt að stöðva brotþola og gripið utan um hann. Þeir hafi fallið saman í götuna og brotþoli lent undir. Hafi ákærði staðið yfir þeim báðum. Meðákærði hafi staðið á fætur. Mikil mannmergð hafi verið á staðnum. Vinkona ákærða hafi verið komin á svæðið. Maður, sem ákærði hafi síðar frétt að hétu A, hafi staðið nærri meðákærða og hafi ákærða virst sem A ætlaði að ráðast á meðákærða. Hafi ákærði því farið til meðákærða. A hafi haldið í fatnað meðákærða og ákærði ýtt honum frá. A hafi greinilega verið undir miklum áhrifum áfengis. Hafi A öskrað á ákærðu að það væri

í lagi að slást en ekki sparka í höfuð. Hafi ákærða brugðið við þetta og reynt að ræða við A. Hafi þeir öskrað hvor á annan og það verið nauðsynlegt til að ná til A. Hafi A ekki virst róast og verið ógnandi. Hafi ákærði fært sig frá honum og forðað sér þar sem ákærði hafi ekki vitað nema A ætlaði sér að jafna um ákærða, hugsanlega með vinum brotþola. Hafi ákærði forðað sér eftir Hverfisgötu. Ákærði hafi verið handtekinn skömmu síðar. Ákærði kvaðst ekki hafa séð neinn sparka í brotþola þessa nótt.

Ákærði, Sönke, kvaðst hafa gengið um Laugaveg umrætt sinn ásamt meðákærða. Hafi þeir gengið Laugaveg í átt að Hlemmi. Meðákærði hafi rætt við vinkonu sína í síma og ákærði verið aðeins á undan meðákærða. Við Klapparstíg hafi ákærði snúið sér við í átt að meðákærða en þá hafi einhver fyrirvaralaust slegið ákærða í andlitið með krepptum hnefa. Höggið hafi komið á munnsvæði ákærða. Ákærði hafi fallið í jörðina við höggið og misst gleraugu sín. Mikið af fólki hafi verið á staðnum. Hafi ákærði reynt að finna gleraugu sín á jörðinni. Hafi hann séð að árásarmaðurinn hafi gert sig líklegan til að slá ákærða á ný, en í því hafi meðákærða drifið að. Hafi meðákærði ýtt við árásarmanninum. Á sama tíma hafi ákærði fundið gleraugu sín og sett þau upp. Hafi ákærði svipast um eftir meðákærða og árásarmanninum á Laugaveginum. Hafi meðákærði litið yfir til ákærða. Árásarmaðurinn hafi staðið fyrir aftan ákærða. Hafi ákærði séð hann kýla meðákærða hnefahögg í andlitið. Ákærði hafi gengið til þeirra og árásarmaðurinn þá ætlað að kýla hann. Hafi ákærða tekist að víkja sér undan og náð að grípa utan um árásarmanninn. Þeir hafi misst jafnvægið og dottið í götuna. Ákærði hafi reynt að standa á fætur. Í því hafi annan mann drifið að sem hafi virst árásargjarn. Hafi hann öskrað á ákærða af hverju hann væri að ráðast á manninn. Hafi ákærði reynt að útskýra að árásarmaðurinn hafi ráðist að honum. Maðurinn hafi komið nær og áfram virkað árásargjarn. Hafi ákærði brugðið á það ráð að ganga upp Laugaveginum. Maðurinn hafi elt ákærða. Ákærði hafi gengið Vatnsstíg og í átt að Hverfisgötu. Hafi honum tekist að hrista manninn af sér. Hafi ákærði frétt næsta dag að meðákærði hafi verið handtekinn vegna málsins.

Brotþoli kvaðst hafa verið á Laugavegi er einhver hafi sulað yfir hann bjór. Hafi brotþoli reynt að ræða við viðkomandi. Í framhaldi hafi brotþoli fengið hnefa í andlitið. Sá er hafi slegið hafi verið grófgerður, ljóshærður og fremur lágvaxinn. Brotþoli hafi fallið í jörðina. Myndi hann lítið meira af atvikum. Kvaðst brotþoli telja að hann hafi misst meðvitund. Af þeim sökum myndi hann ekki eftir að hafa fengið spörk í höfuð og líkama. Kvaðst hann þó telja að hann hafi sennilega haldið um höfuð sitt til að verja það fyrir spörkum. Brotþoli kvaðst hafa drukkið á bilinu 3 til 4 bjóra þetta kvöld og verið undir áhrifum áfengis.

A kvaðst hafa verið á göngu á Laugavegi umrætt sinn, ásamt B. Fyrir framan hafi hann séð átök og mann falla í jörðina. Ekki hafi hann séð ástæðu þess að maðurinn féll. Tveir hafi staðið yfir honum og sparkað í höfuð hans liggjandi. Spörkin hafi a.m.k. verið tvö. Hafi A staðið 3 til 4 metra frá árásinni. Hafi A reiðst og skipt sér af málinu þar sem um spörk í höfuð hafi verið að ræða. Hafi hann stöðvað atlöguna. Hafi hann í framhaldi hringt á lögreglu. Árásarmennirnir hafi yfirgefið vettvang og A elt annan þeirra. Hafi A misst sjónir af þeim er hann hafi elt. Árásarmennirnir hafi talað ensku með hreim. A kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis þessa nótt. Er tekin var lögregluskýrsla af A lýsti hann því að fórnarlambið hafi steinrotast við spörkin. Fyrir dómi kvaðst A ekki lengur muna hvort svo hafi verið.

B kvaðst hafa verið á Laugavegi umrædda nótt ásamt A. Hafi hann séð slagsmál. Einhverjir aðilar hafi rífið brotþola niður með því að rífa í hann og toga hann niður. Rámaði B í að brotþoli hafi verið sleginn í andlitið. Brotþoli hafi fallið í jörðina. Hafi a.m.k. annar árásmannanna sparkað í brotþola þar sem brotþoli hafi legið í jörðinni. Árásmennirnir hafi verið tveir. Annar þeirra hafi verið með dökkt hár og skegg. Hafi B rætt við árásmanninn og áttað sig á að hann væri af erlendu bergi brotinn. A hafi hringt á lögreglu vegna málsins. Hafi þeir sagt árásmönnum að sparka ekki í liggjandi mann. Árásmennirnir hafi yfirgefið vettvang og B og A reynt að fylgja þeim eftir. Það hafi ekki tekist og þeir misst af þeim. B staðfesti að lögreglumaður hafi hringt í sig vegna málsins og tekið niður upplýsingar. Hafi B þá munað atvik betur. Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns sem rituð hefur verið 6. nóvember 2011, lýsti B því að annar árásmannanna hafi sparkað í höfuð brotþola.

Niðurstaða:

Ákærðu neita báðir sök. Þeir hafa lýst samskiptum við brotþola þessa nótt og hvernig brotþoli hafi veist að þeim með látum. Ákærði, Sönke, hafi þurft að taka um brotþola til að varna því að hann réðist á ákærðu. Við það hafi ákærði og brotþoli fallið saman í jörðina. Hafa ákærðu báðir synjað fyrir að hafa sparkað í brotþola þar sem hann hafi legið í jörðinni.

Brotþoli hefur lítið getað lýst atvikum umrætt sinn. Tvö vitni hafa lýst átökum þessa nótt, en um er að ræða A og B. Hafa A og B ekki getað staðfest hvernig átökin hófust en lýst því að í framhaldi hafi tveir menn, báðir af erlendu bergi brotnir, veist að brotþola með spörkum þar sem hann hafi legið í jörðinni. Hafi spörkin beinst að höfði brotþola. A hefur lýst því að spörkin hafi að minnsta kosti verið tvö. B kveður spörkin í það minnsta hafa verið eitt. A hringdi á lögreglu og tilkynnti um atburðinn. Athafnir hans og B á vettvangi urðu til þess að ákærðu voru handteknir vegna málsins. Þá liggur fyrir að ákærðu hafa lýst samskiptum við brotþola þessa nótt. A og B lýstu því báðir að ástæða þess að þeir hafi skipt sér af átökunum hafi verið að ákærðu hafi sparkað í höfuð brotþola þar sem brotþoli hafi legið í jörðinni. Samkvæmt áverkavottorði greindist brotþoli með töluverða áverka í andliti eftir atvikið, auk þess sem hann tagnaði í háls hrygg og brjóst hrygg. Samrýmast þessir áverkar því að brotþoli hafi fengið ítrekuð spörk í höfuðið. Þegar framburður þessara sjónarvotta eru virtir, og hliðsjón höfð af áverkavottorði og ljósmyndum af áverkum á brotþola, þykir dómnum hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærðu hafi í félagi veist að brotþola og sparkað í höfuð hans liggjandi í jörðinni. Ákærðu tóku báðir þátt í atlögunni. Af þeim sökum verður ekki skilið á milli þáttar hvors um sig í atlögunni.

Brotþoli hefur takmarkað getað lýst upphafi átakanna. A og B sáu hvorugir upphaf átakanna. Með hliðsjón af því liggur ekki fyrir sönnun um að ákærðu hafi slegið brotþola í andlitið. A hefur einn borið um að brotþoli hafi misst meðvitund. Aðrar sannanir liggja ekki fyrir um það. Verður það talið ósannað. Að öðru leyti er háttsemi ákærðu rétt lýst í ákæru og áverkar í samræmi við læknisvottorð í málinu. Spörk er beinast að höfði liggjandi manns er sérstaklega hættuleg líkamsárás. Verður slík háttsemi færð undir 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði, Donald, er fæddur í apríl 1984 og ákærði, Sönke, í febrúar 1978. Hafa ákærðu hvorugur áður sætt refsingu, svo kunnugt sé. Ákærðu frömdu brot sitt í félagi, sbr. 2. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940. Er refsing ákærðu hvors um sig ákveðin fangelsi í níu mánuði. Með hliðsjón af alvarleika brotsins eru ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna nema að hluta til.

Af hálfu brotaþola er krafist miskabóta úr hendi ákærðu að fjárhæð 500.000 krónur, auk vaxta. Ljósmyndir af brotaþola leiða í ljós umtalsverða áverka í andliti hans eftir árás ákærðu. Hafa ákærðu með ólögumætri háttsemi valdið brotaþola miska á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993. Eru miskabætur hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Þær greiði ákærðu óskipt. Um vexti fer sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun upphafstíma dráttarvaxta er miðað við þingfestingu málsins fyrir dómi.

Ákærðu greiði sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti og málsvarnarlaun skipaðra verjenda og þóknun réttargæslumanns brotaþola, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, svo sem í dómsorði greinir.

Af hálfu ákæruvalds sótti mál þetta Marín Ólafsdóttir aðstoðarsaksóknari.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Donald Anderson og Sönke Holz, sæti hvor um sig fangelsi í 9 mánuði. Frestað skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilyrði 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði óskipt X 400.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 19. ágúst 2012 til 10. apríl 2014, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði, Donald, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjenda síns, Árna Helgasonar héraðsdómslögmanns, 527.100 krónur. Ákærði, Sönke, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjenda síns, Arnars Friðriks Kormákssonar héraðsdómslögmanns, 527.100 krónur. Ákærðu greiði óskipt sakarkostnað að fjárhæð 36.000 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Agnars Þórs Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 200.800 krónur.

Simon Sigvaldason

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómi Reykjavíkur 23. maí 2014.